

## Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar	Dagsetning tilvísunar: 19. okt. 2015
Nafn skóla: <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	Símanúmer skóla: 4640300
Skólameistari: <b>Hjalti Jón Sveinsson</b>	Netfang: <b>hjalti@vma.is</b>
Kennari / Kennarar (forseti)	Netfang:
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð): <b>Áfangaheiti: ÍSLE2HS05</b> <b>Áfangalýsing: <a href="http://namskra.is/courses/54de00ab62933a7a340003c1">http://namskra.is/courses/54de00ab62933a7a340003c1</a></b>	
Ágreiningsefni: Íslenskudeild VMA fór í gagngera endurskoðun áfanga sinna fyrir þetta skólaár til þess að mynda meiri samfellu milli áfanga og þrepa. Þessi áfangi var endurhannaður út frá ÍSL 103 og ÍSL 203 í gömlu námskránni. Sú endurhönnun hefur ekki verið metin til launa eins og kjarasamningur segir til um. Skólastjórnendur segja að engir peningar séu til og skv. fyrirmælum Menntamálaráðuneytisins skuli aðeins greiða laun miðað við sýnidæmin.	
<b>Sent á formann vinnumatsnefndar</b> <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir <a href="mailto:helgajo@idnskolinn.is">helgajo@idnskolinn.is</a> <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir <a href="mailto:greta@fa.is">greta@fa.is</a> <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir <a href="mailto:lara@mtr.is">lara@mtr.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir <a href="mailto:hals@mh.is">hals@mh.is</a> <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason <a href="mailto:larushb@mh.is">larushb@mh.is</a>	<b>Fylgigögn</b> <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

## Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku	Málsnúmer 4
Nafn skóla VMA	Áfangiheiti ÍSLE2HS05
Dagsetning sem málið barst 19. október	Dagsetning úrskurðar 6. nóvember
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Vinnumatsnefnd tungumála og íslensku telur ekki fært að úrskurða um málið eins og það er sett fram.</p> <p>Hér skiptir máli hvernig til endurhönnunar áfangans kom og hvort hún er umfram endurskoðun sem eðlilegt má telja að fari fram á áfanga öllu jöfnu. Hafi vinnan ekki farið fram með vitund, vilja eða að beiðni skólameistara er ekki hægt að ætlast til að fá hana greidda eftir á, hvorki miðað við nýjasta kjarasamning kennara og ríkisins né þeirra sem áður hafa verið í gildi.</p> <p>Ef eitthvað liggur fyrir um beiðni skólameistara um að þessi vinna færi fram hefði verið eðlilegt að þeir sem verkið skyldu vinna semdu við skólameistara um greiðslu fyrir það fyrirfram. Sú greiðsla gæti til dæmis fallist í eingreiðslu ákveðins tímafjöldi og ætti þá mögulega heima í vinnumati áfangans eða lækkun á kennsluskyldu vegna annarra starfa, sbr. vinnupátt C, sérstök verkefni eða viðbótarstörf sem fjallað er um í 6. grein kjarasamningsins, en sú grein heyrir ekki undir vinnumat. Að sjálfsögðu gætu kennarar og skólástjórnendur einnig samið um annars konar útfærslu en hér hefur verið nefnt.</p> <p>Af gögnum málsins er ekki hægt að fullyrða að sérstakt samkomulag hafi verið gert fyrirfram. Hafi vinnan falið í sér endurskoðun umfram það sem eðlilegt má telja og verið gerð að beiðni skólameistara hvetur vinnumatsnefnd tungumála og íslensku málsaðila til að leita leiða til að komast að samkomulagi um sanngjarna niðurstöðu. Náist ekki ásættanleg niðurstaða er mögulegt að senda annað erindi þar sem helst komi fram sjónarmið beggja aðila.</p>	
Framvinda máls: <input checked="" type="checkbox"/> Mál afgreitt <input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar	